

Fundagert

Landsfundur Samtaka um Kvinnalista
8. og 9. nóvember 1986.

1. Setning fundar kl. 09.40. Þórunn Benjaminsdóttir setti fundinn.
Funderst. Margrét Bjarnadóttir - Reykjanesi
Kristín Blöndal - Reykjavík
Málfriður Sigurðardóttir - Norðurlandi
Svava Nielsdóttir - Austurlandi

Fundarritarar: Guðbjörg Emilsdóttir, Edda Magnúsdóttir, Þórfriður Guðmundsdóttir, Birna Lárusdóttir, Sigríður Matthíasdóttir, Svanheiður Ingimundardóttir, Steinunn B. Helgadóttir, Eygló Stefánsdóttir

2. a) Skýrsla Reykjanesanga - Edda Magnúsdóttir flutti skýrsluna. (Ath. fá skýrsluna hjá Eddu).
b) Skýrsla Reykjavíkuranga - Kristín Arnadóttir (Ath. fá skýrsluna hjá Kristínu).
c) Skýrsla Austurlandskjördæmis "Skass" - Höfn í Hornafirði - Unnur Garðarsdóttir.
d) Skýrsla Suðurlandsanga - Rannveig Óladóttir.
e) Skýrsla Norðurlandskjördæmis-eystra - Elin Antonsdóttir (Ath. fá skýrsluna hjá Elínu).
f) Skýrsla Vesturlandsanga - Halla Þorsteinsdóttir (Ath. fá skýrsluna hjá Höllu).
g) Skýrsla þingflokks - Guðrún Agnarsdóttir. Guðrún taldi upp frumvörp til laga, lagabreytingar, þingsályktunartillögur og minnti á fyrirspurnir sem þingflokkurinn hefur borið fram. Ýmis önnur störf sem ekki er hægt að víkjast undan, svo sem fundir og ráðstefnur, bæði hér heima og erlendis. Margt annað að gera en að búa til þingmál. Þingflokkurinn þarfnast allra kvennanna í Kvinnalistanum, við þurfum allar að láta í ljós skoðanir okkar. Breytt hlutföll á þingi. Valddreifing innan Kvinnalistas. Takið ekki lífsýn annarra gilda sem ykkar eigin. (Ath. fá skýrsluna hjá Guðrúnu).
h) Skýrsla framkvæmdaráðs og fjárhagur - Guðrún Jónsdóttir starfsskona Samtakanna. (Ath. fá skýrsluna hjá Guðrúnu).

3. Skýrsla um fjárhag listans tekin upp síðar.
Ástæða: Tæknileg vandamál/bilun í tölvu.

4. Lagabreytingar - sjá fylgiskjöl með dagskrá. Strax að loknu matarhléi verða þær teknar til umræðu. Fundarkonur beðnar að kynna sér þær vel í matarhléi - strax að loknu matarhléi verða þær teknar til afgreiðslu. Breytingar verða að berast skriflega til fundarstjóra.

5. Kvennapólitik - Hugmyndafræði okkar.
"Konur um víða veröld" - Sigríður Dóna
Kristmundsdóttir - Fyrirlestur.

b. Ósk barst um að kynna lagabreytingarnar.
Kristín Einarsdóttir kynnti lagabreytingarnar frá
þingráðinu.
Í ljós hefur komið að s.k. þingráð hefur ekki
virkað - þingráð verið nánast það sama og
þingflokksfundir.
Sjá fylgiskjöl.

Lilja starfskona kynnti breytingartillögur frá
borgarmálaráði.

7. Guðrún Halldórsdóttir bað um orðið og bar undir
fundinn skeyti/kveðju frá landsfundi Samtaka um
Kvennalista til Framkvæmdarnefndar um launamál
kvenna, sem heldur ráðstefnu í dag í Sóknarsalnum,
Skiopholti 50, Rvík.

Sendum ykkur baráttukveðjur. Berum saman fram til
sigurs kröfuna um samandi dagvinnulaun og jöfnuð milli
kynja. Sláum ekki samningum á frest. Krefjumst
lífvenlegra lágmarkslauna.

Landsfundur Kvennalistans
haldinn á Gerðubergi 8. og 9. nóv, 1986.

Fundi framhaldið eftir matarhlé kl. 13.45. Fundarstjóri
Kristín Blöndal, Rvík. Fundarritarar Þórfriður
Guðmundsdóttir, Vesturl., og Birna Lárusdóttir, Vesturlandi.

Tekið fyrir:

1. Lagabreytingar, allar framkomnar lagabr. samþykktar
samhljóða.
2. Umræður urðu um IV. Angar- um framkvæmdarnefnd og
framkvæmdarráð - og hve löng seta sé í þeim.
3. Kvennapólitik - hugmyndafræði. frh.
 - a) Fortíð, nútíð, framtíð - Kristín Ástgeirsdóttir
(ath. fá erindið).
 - b) Launa og atvinnumál - Elín Ólafsdóttir (ath. fá
erindið).
 - c) Hugsjónakonur fyrri tíma - Sigurveig Guðmundsdóttir
(fá vélritað erindið).
 - d) Listsköpun - ritstörf kvenna - Magdalena Schram.
vitnar í bókina - Konur hvað nú - sérstaklega grein
Helgu Kress - (fá erindið).
 - e) Af hverju sérframboð kvenna - Ingibjörg S. Gísla
dóttir (fá erindið).
 - f) Kosningar, Kristín Einarsdóttir -
ræddi um nýju kosningalögin og stefnuskrá - vinnu.
Stefnuskránefnd Kristín Ásgeirs, Sigrún Jóns og
Kristín Einarsdóttir.
Erindi hennar fylgir hérmeð.

Kosningar framundan!

Kristín Asgeirsdóttir spyr; hvernig standa kosningamál í hinum ýmsu öngum.

Ingibjörg Guðm - Vesturlandi; upplýsir að konur á Vesturlandi munu bjóða framm og gefa út blað.

Birna Lárusdóttir kom með þá hugmynd að Sigríður Dúna færi fram á Vestfjörðum og Guðrún Norðurlandi vestra.

María Þorsteinsdóttir haldi þingkonum mjög. Er hrædd við að fara þar yfir í önnur kjördæmi, þar sem hætta er á að þær komist ekki inn.

Hanna María vill að hver angi velji á sinn lista, en að ekki verði sameiginlegt val hér á þessum fundi.

Ingibjörg Daníelsdóttir: Vesturlandskonur ætla að bjóða fram - gefa út blað. Halda fund hjá Svövu, þar sem unnið verður að framboðsmálum.

Reykjanesangi. Sigrún Jónsdóttir.

Ákv. að bjóða fram - Umræður um uppröðun á listann, komið á uppstillinganefnd, listi lagður fram uppúr áramótum.

Norðurlandsangi - Elín Antonsdóttir.

EKKI ákv. hvort boðið verður fram. Öðrugleikar með fjármál - blaðaútgáfu o.fl.

Guðrún Agnarsdóttir talar um að skipuleggja kosningaferðir út um land.

Þórhildur Þorleifsdóttir talar um að neyða konur fyrstu skrefin - drifa upp framboð í öllum kjördæmum.

Gerðuberg 9. nóv. 1986 - sunnudagur.

Inger Helgadóttir - Landbúnaðarmál. - Vesturland.

Kristín Halldórsdóttir - Atvinnumál - Rvík

Unnur Garðarsson - Þjónusta á landsbyggðinni - Höfn

Gunnhildur Bragadóttir - Valddreifing - Ak.

Snjólaug Guðmundsdóttir - Kvennabaráttan í dreifbýli - Vesturland.

Umræður

Málmfriður Sigurðardóttir

Aðför að dreifbýlinu. Finnst að aðgerðir til að draga úr landbúnaðarframleiðslu handahófskenndar. Hvers konar

menningarlíf verður í framtíðinni á þessum stöðum?

Seint er ofmetinn hlutur Kvenfélaganna til líknar- og menningarmála.

Fyrir síðustu kosningar var send beiðni til allra kvenfélaga um stuðning eða alla vega svör. Engin svaraði.

Sú efnahagsstefna sem rekin hefur verið undanfarin ár yti undir verzlun og viðskipti. Framleiðslufjandsamleg stefna. Kona á Kópaskeri: Hvað eruð þið að tala um kvennabaráttu. Við erum öll manneskjur, sem eru að berjast upp á líf eða dauða.

Guðrún Agnarsdóttir:

Hvatti m.a. til að konur birtu greinar í blöðum sem unnar væru upp á erindum, sem flutt voru á fundinum.

Guðrún Halldórsdóttir: Við stöndum í ævarandi þakkarskuld við landsbyggðia.

Leita ekki langt yfir skammt að nýjum búgreinum.

Finna ráð til þess að fólkið á landsbyggðinni fái möguleiki á að ráða ráðum sínum sjálft.

Sigurlaug Sveinsdóttir:

Vantar umræðu um skógrækt. Þarf að rækta tré. Er ekki hægt að gera þetta að búgrein? Samræma betur kindina og skóginn.

Kristín Einarsdóttir:

Hvernig viljum við hafa þetta t.d. í landbúnaðarmálum.

Ragnhildur Jónsdóttir:

Sama spurningin hjá K.E. Hvað á að gera? Vandamál að öll samskipti eru við Rvík. alveg sama hve lítið það er sem þarf að gera.

Elin G. Ólafsdóttir:

Leggja áherslu á jafnrétti og jöfnuð. Biður konurnar á landsbyggðinni að láta í sér heyra um ástandið úti á landi.

Halla Þorsteinsdóttir:

Fjallað um launakjör kvenna í frystihúsunum. Hærri laun í Rvík., en úti á landi. Aðbúnaðurinn einnig mjög slæmur.

Sigrún Harðardóttir:

Fjallaði lítillega um tungumálið sem við tölum, um sundlaugar o.fl.

Svava Guðmundsdóttir:

Menntun almennt, almennt orðin í ólestri. Allt of langt nám til að fá starfsréttindi.

Kristín Ástgeirsdóttir:

Stöndum frammi fyrir áralöngu stjórnleysi í flestum málum. Þurfum að horfa á málin í samhengi. Leiftursóknin gengin yfir. Verðum að móta okkar eigin tillögur. Stefnir allt í einkarekstur – verðum að finna svar. Búið að koma hér upp þrelastétt sem eru konur.

María Jóhanna Lárusdóttir:

Samhengið í málum varðandi leiftursóknina. Allt er nú einka. Félagskerfið, skólakerfið o.fl. Hvernig á að bregðast við?

Benti á frumvarpið um kosningarétt í sveitafélögum sem hún flutti á þingi.

Guðrún Jónsdóttir:

Rædd stuttlega um launakjör kvenna í frystihúsum, sérstaklega úti á landi.

Gunnhildur Bragadóttir:

Stingur upp á að sett verði á laggirnar nefnd sem fjallaði um byggðamál. Stefnu Kvinnalistsins í byggðamálum.

Bergljót Hallgrímsdóttir:

Samningsbundið milli bænda og ríkis um kvóta o.fl. Hefur tekið mörg ár að koma því skipulagi sem nú er. Fjallaði um skólaakstur og kennslu úti á landsbyggðinni. Allt í ólestri. Börnin fara yfir hættulegar brýr og allt skorið niður, þ.e. samband við skólann.

Jóhanna Þorsteinsdóttir:

Saknar umræðu um launamál verkakvenna í sjávarplássum.

Í sjávarplássum er verið að skapa þann auð sem gerir okkur kleift að halda m.a. þennan fund. Birta ályktun um þær konurnar sem hafa ekki tíma til að vinna að málefnum kvenna á sama hátt og við.

Inger Helgadóttir:

Auðveldara að skipa í verk annars staðar að koma með patentlausnir.

Alltof mikil eiginhagsmunastefna í stjórnunum.

Allir hefðu sama í fullvirðisrétt þak á réttinn, t.d. 550 ærgildi. Hlunninda minni fullvirðisrétt.

Hinir fengu þá meira. Framleiðnisjóður æðir um allt land og hvetur bændur til að selja eða leigja fullvirðisrétt.

Skipt upp í 6 hópa.

Kristín Einarsdóttir.